




Yacht-Master 42

Oyster, 42 mm, gull

A close-up, high-angle photograph of a watch case and bracelet. The watch is made of 18k gold with a black dial. The bracelet is made of gold with a black leather strap. A large, raised 'OP' logo is visible on the case. The background is a dark, textured surface.

**Oyster Perpetual Yacht-
Master 42 úr 18 kt gull
með svarta skífu og
Oysterflex keðju.**



OYSTERFLEX ÓLIN

Frábær ending

Nýja Oysterflex ól Yacht-Master, þróuð af Rolex og nýtur einkaleyfis, er sportlegur valkostur í stað keðju. Ólin er fest við úrkassann og Oysterlock öryggislás með málmblaði úr sveigjanlegri málmblöndu titans og nikkels.

Blaðið er yfirmótað með hágæða svörtu teygjuefni sem þolir einkar vel áhrif frá umhverfinu, er mjög endingargott og fer vel fyrir notanda úrsins. Til að auka þægindin er innri hluti Oysterflex ólarinnar búin lengdarbólstrunarkerfi sem nýtur einkaleyfis og kemur jafnvægi á úrið á úlnliðnum. Það er með

Oysterlock öryggislás. Einnig er það með Rolex Glidelock-lás með lengingu sem var hannaður af fyrirtækinu og nýtur einkaleyfis. Þetta frumlega tennta kerfi sem er ísett undir klemmunni gerir kleift að fínstilla lengd ólarinnar um allt 15 mm í um það bil 2,5 mm þrepum, án þess að þurfi að nota áhöld.



18 KT GULL

Skuldbinding við ágæti

Með því að reka eigin málmsteypu býr Rolex yfir framúrskarandi getu til að steypa hágæða 18 kt gullblöndur. Samkvæmt hlutfalli af silfri, kopar, platínu eða palladíum sem bætt er við fást mismunandi tegundir af 18 kt gulli: gult, bleikt eða hvítt.

Þetta fer aðeins fram með hreinustu málmum og eru þeir skoðaðir vandlega af rannsóknarstofunni á staðnum þar sem notast er við nýjustu tækni. Þetta er gert áður en gullið er mótað og lagað þar

sem sama áhersla á nákvæmni er viðhöfð.

Skuldbinding Rolex við ágæti hefst við upptökin.



SNÚNINGSHRINGUR Í BÁÐAR ÁTTIR

Vegalengdin mæld

Yacht-Master er með 60 mínútna hring sem snýst í báðar áttir og sem er gerður eingöngu úr eðalmálmum (Everose gulli eða platínu) eða með Cerachrom innleggi úr hátækni keramiki, eftir því hvert módel úrsins er. Upphækkaðir, fægðir tölustafir og kvarðanir eru áberandi við mattan, sandblásinn bakgrunninn.

Þessi hagnýti hringur – sem gerir notandanum til dæmis kleift að reikna út siglingatímann á milli tveggja bauja– er einnig lykilþáttur í einkennandi útliti tegundarinnar.



SVÖRT SKÍFA

Framúrskarandi læsileiki

Eins og með öll Rolex Professional úr veitir Yacht-Master 42 framúrskarandi læsileika við allar kringumstæður, einkum í myrkri, þökk sé Chromalight-lýsingunni.

Breiðu vísarnir og klukkustundamerki í einföldum stærðum - þríhyrningum, hringjum, ferhyrningum - eru fylltir með ljómandi efni sem gefur frá sér langvarandi bjarma.

Meira tæknileg ítaratriði

Yacht-Master

Tilvísunarnúmer 226658

Úrkassi módels

Gerð

Oyster, 42 mm, gull

Þvermál

42 mm

Efni

gull

Hringur

60 mínútna hringur með kvörðun sem snýst, með möttu, svörtu Cerachrom innleggi úr keramik, fægðir, upphleyptir tölustafir og kvarðanir

Oyster hönnun

Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

Trekkjari

Skrúfuð niður, Triplock þrefalt vatnsvarnarkerfi

Gler

Safír með rispuvörn, Cyclops linsa yfir dagsetningunni

Vatnspéttni

Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

Gangverk

Gerð

Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

Verkgerð

3235, framleiðandi Rolex

Nákvæmni

-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

Sveiflugjafi

Meðseglandi blá Parachrom óróafjöður. Hágæða Paraflex höggdeyfar

Trekkja

Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

Hleðsluforði

U.p.b. 70 klukkustundir

Aðgerðir

Vísar frá miðju fyrir klukkustund, mínútu og sekúndur. Tafarlaus dagsetning með skjótri stillingu. Stoppar á sekúndum sem veitir nákvæman tíma

Armband

Gerð

Oysterflex

Efni í armbandi

Sveigjanleg málmblöð mótuð með hágæða teygjuefni

Lás

Oysterlock öryggislás sem leggst saman með Rolex Glidelock lengingarkerfi

Skífa

Gerð

Svört

Ítaratriði

Afar læsileg Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

Vottun

Gerð

Superlative Chronometer (opinber chronometer vottun + Rolex vottun eftir að úrverkið er sett í kassann)

Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki,
þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir
og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita
nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex
áskilur sér réttinn til að breyta
módelunum sem eru sýnd á
vefsvæðinu.

